

## Félagsfundur 14. október 2016 kl. 17.00 í Alliance Française.

**Viðstödd:** Margrét Helga Hjartardóttir, Eva Leplat, Yrsa Þöll Gylfadóttir, Ásrún Lára Jóhannsdóttir, Sigríður Anna Guðbrandsdóttir, Sigurborg Jónsdóttir, Bergrós Ásgeirsdóttir, Sigrún Halla Halldórsdóttir, Sigurbjörg Gylfadóttir, Bjarki Berg Guðmundsson, Jóhanna Björk Guðjónsdóttir, Sólveig Simha, Hulda Sif Birgisdóttir og Jean-François Rochard.

### Dagskrá:

1. Nýr forseti Alliance Française – kynning.
2. Námskeiðishöld 2016-2017.
3. Önnur mál.

1. Jean-François Rochard, nýr forseti AF í Reykjavík, kynnti sig; bakgrunn sinn og feril. Þessu næst fór hann yfir þær hugmyndir sem hann hefur að samvinnu við Félag frönskukennara:

- Hann vill hjálpa til við að kynna frönskukennslu á Íslandi; taka á móti hópum í AF, fara í skólana og ræða við skólastjórnendur.
- Hann vill stuðla að því að taka þátt í og/eða bjóða upp á endurmenntun fyrir frönskukennara hjá AF og að AF geti jafnvel verið eins konar rannsóknarmiðstöð („centre de recherche“) fyrir frönskukennara. Í þessu samhengi benti hann á fyrirbærið „culturethèque“ sem er „médiathèque“ á netinu sem er aðgengilegt fyrir kennara. Einnig benti hann á „IFProfs“ sem er sérstakur samfélagsmiðill þar sem frönskukennarar tengjast innan hvers lands og deila með sér kennsluaðferðum/kennsluefni. Hægt væri að stofna slíkan vef á Íslandi.
- Félagar kynntu sig og störf sín.
- Jean-François kynnti þessu næst hugmyndir sínar um að bjóða frönskukennurum upp á endurmenntun/fyrirlestra á vegum AF, annaðhvort í formi dagsnámskeiða yfir skólaárið (helgi) eða þá „sumarháskóla“. Hann getur tekið að sér að sækja um styrki til *Institut Français* fyrir kostnaðinum við slík námskeið og jafnvel fengið fyrirlesara að utan á vegum AF.
- Að lokum kynnti hann kennsluaðferð sem verið er að nota í frönskukennslu í öðrum löndum. Um er að ræða tvítyngda kennslu, þ.e. að læra eitthvert fag á markmálinu t.d. að læra stærðfræði eða sögu á frönsku. Kennarinn þarf þá að hafa vald á faginu og tungumálinu.

Þetta hefur reynst vel í grunnskólakennslu í frönsku í nokkrum löndum. Rætt var nánar um fyrirkomulagið á slíkri kennslu og möguleika á að koma henni á í íslenskum skólum.

2. Rætt var um námskeiðishöld á skólaárinu 2016-2017.

- Ákveðið var að Jean-François myndi senda formanni félagsins, Margréti Helgu, nokkrar uppástungur að efni fyrir námskeiðisdag (laugardag) í byrjun vorannar.

- Varðandi fyrirkomulag á sumarnámskeiði 2017 var ákveðið að senda aftur út könnun á Fésbókarsíðu félagsins um hvað félagsfólk kys helst í þeim efnum. Eyjólfur tók það að sér.

3. Önnur mál:

- Sólveig Simha benti á að okkar nemendur geta tekið DELF/DALF-prófin (opið öllum nemendum sem læra frönsku) og það er sérstakt afsláttarverð fyrir frönskunemendur.

- Hulda Sif kynnti póst frá frönskukennara í Nice (Eric Bourrol) sem hafði hug á að komast í samband við íslenskan skóla til að koma á nemendaskiptum. Enginn viðstaddra hafði tök á að fara í þessa samvinnu.

- Margrét Helga benti á að næsta fimmtudag yrði fundur um stöðu tungumálakennslu með stjórnámálamönnum (í aðdraganda yfirvofandi þingkosninga) á Café Haïti. Fundurinn haldinn að frumkvæði STÍL.

Fundi slitið kl. 18.45.